

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag miðbæjar á Hvolsvelli, Rangárþingi eystra.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, staðfesti sveitarstjórn Rangárþings eystra á fundi sínum 26. október 2006, nýtt deiliskipulag miðbæjarins á Hvolsvelli.

#### *Deiliskipulag miðbæjarins á Hvolsvelli.*

Um er að ræða nýtt deiliskipulag miðbæjarins á Hvolsvelli. Mörk deiliskipulagsins afmarkast af Hvolsvégi, Vallarbraut, Hlíðarvegi og vestan við Austurveg. Á skipulaginu eru svokölluð veghlið inn á Hvolsvöll beggja vegna þ.e. norðvestan við Björkina og sunnan við gamla Vegagerðarhúsið. Markmið notkunar veghliða er að hægja á umferð gegnum Hvolsvöll, auk þess að greiða fyrir allri umferð gegnum miðbæinn. Þá er einnig gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði þ.e. parhúsum, raðhúsum og fjölbýlishúsum upp á allt að 4 hæðir. Gert er ráð fyrir verslunar- og þjónustuhúsum á jarðhæð auk íbúða þar fyrir ofan. Einnig er gert ráð fyrir lóðum fyrir ýmsar stofnanir.

Deiliskipulagið var samþykkt á fundi skipulags- og byggingarnefndar 27. júní 2006 og staðfest á fundi byggðaráðs þann 6. júlí 2006.

Deiliskipulagsgögn hafa hlotið meðferð samkvæmt skipulags- og byggingarlögum. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hvolsvelli, 3. apríl 2007.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

**Rúnar Guðmundsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 12. apríl 2007